

Hjartaaðgerðir barna

Upplýsingar fyrir foreldra
og aðstandendur



Hjartaaðgerð á börnum

Upplýsingar fyrir foreldra og aðstandendur

Þessi bæklingur er hugsaður sem fræðsluefni handa foreldrum barna sem þurfa að gangast undir hjartaaðgerð á Barnaspítala Hringinsins.

Markmiðið er að foreldrar og barn séu vel undirbúin og hafi skýra hugmynd um hvað í vændum sé. Stefnan er að foreldrar hafi lesið yfir þennan bækling þegar þeir koma í undirbúningsviðtöl.

Gott er að taka bæklinginn með sér því þá verður farið nánar yfir gang mála lið fyrir lið.

Velkomið er að hafa samband við lækni barnsins eða hjúkrunarfræðing hjartateymis ef einhverjar spurningar vakna.

Með ósk um góðan bata!
starfsfólk Barnaspítala Hringinsins

Landspítali - háskólasjúkrahús

Skiptiborð - sólarhringsþjónusta 543 1000

Hjartateymið beinn sími. 543 3700

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli skal vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundnir þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennslusjúkrahús og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á sjúkrahúsinu. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

Undirbúningur sjúkrahúsdvalar

Undirbúningur fyrir sjúkrahúsdvöl fer að miklu leyti eftir aldri barnsins sem á í hlut hverju sinni.

Fyrir yngstu börnin (0 - 2 ára) er ráðlagt að taka með eitthvað kunnuglegt að heiman eins og leikfang eða teppi. Börnum á aldrinum 2 til 5 ára er hægt að segja daginn áður að þau séu að fara á spítalann á morgun til að láta skoða hjartað. Gott er að bjóða þeim að velja hvað þau vilji taka með sér til dæmis uppáhaldvideóspólu eða tónlist, bangsann sinn eða önnur uppáhaldsleikföng. Börn á forskólaaldri (5 til 6 ára) er hægt að byrja að undirbúa með tveggja til þriggja daga fyrirvara. Byrjið á því að segja þeim hvað spítali sé og gott getur verið að lesa fyrir þau bækur sem segja frá börnum sem hafa farið á sjúkrahús. Það sama gildir fyrir þennan aldur, að æskilegt er að bjóða þeim að taka með sér dót á sjúkrahúsið. Hægt er að byrja að undirbúa barn á skólaaldri einni til tveimur vikum fyrir heimsókn eða innlögn á sjúkrahús. Mælt er með að sjúkrahúsinu sé lýst fyrir þeim, hvað standi til að gera og hvers vegna. Fyrir börn á þessum aldri hentar líka vel að lesa bækur um börn sem fara á sjúkrahús.

Innskrift og fræðsluviðtöl

Undirbúningur aðgerðarinnar fer oftast fram á göngudeild Barnaspítala Hringins deild 20E á jarðhæð. Við komuna tekur hjúkrunarfræðingur hjartateymisins á móti ykkur. Hann fræðir ykkur um aðgerðina og útskýrir fyrir hvaða undirbúningsrannsóknir verða gerðar. Tekin er lungnamynd og hjartalínurit af barninu, hæð, þyngd og lífsmörk mæld. Þá er tekin blóðprufa og blóðflokkagreining er gerð. Barnið fer í lækni-sköðun, rætt er við skurðlækni sem framkvæmir aðgerðina, hjartasérfræðing barnsins og svæfingarlækni til að undirbúa aðgerðina. Þessi undirbúningur tekur að jafnaði heilan dag. Þegar undirbúningsrannsóknunum og fræðsluviðtölunum er lokið fylgir hjúkrunarfræðingur ykkur á gjörgæsludeildina og á barnaskurðdeildina þar sem ykkur er sýnd aðstaðan. Ef barnið kemur heiman að frá sér, mætir það á barnaskurðdeildina ásamt foreldrum sínum á sunnudagskvöldinu fyrir aðgerðardaginn.

Undirbúningur fyrir aðgerð og svæfingu

Kvöldið fyrir aðgerðina mætið þið með barnið á deild 22D. Gott er að vera komin á deildina rétt eftir kvöldmatinn heima eða um tveimur tímum fyrir svefntíma barnsins. Þegar barnið er búíð að skoða sig aðeins um er því fljótlega gefið hægðalosandi lyf í endaparm. Síðan fer barnið í bað og sótthreinsandi sápa notuð. Fætur og nafli eru hreinsuð sérstaklega vel. Þið foreldrar aðstoðið við baðið og við að klæða barnið í fót frá spítalanum. Ykkur er síðan kennt að nota klórhexidínspritt til sótthreinsunar á höndum. Áður en barnið sofnar eru mæld lífsmörk; hiti, blóðþrýstingur, púls og súrefnismettun. Barnið þarf að vera fastandi frá miðnætti, nema svæfingarlæknir hafi ákveðið annað.

Að morgni aðgerðardags verðið þið vakin klukkan 6:30. Barnið er vigtað, fer aftur í bað með sótthreinsandi sápu.

Þegar líður að aðgerð, fylgir hjúkrunarfræðingur ykkur á móttökuherbergi á skurðstofugangi, þar sem barnið fær lyfjaforgjöf. Þegar lyfjaforgjöfin er farin að virka og barnið farið að gleyma sér, kveðjið þið barnið og komið aftur á barnaskurðdeild.

Skurðaðgerðin

Aðgerðin og allt í kringum hana tekur að jafnaði um 4 til 5 tíma. Strax að henni lokinni ræðir skurðlæknirinn við foreldra barnsins og greinir ykkur frá hvernig aðgerðin gekk.

Mikilvægt er að starfsfólk barnaskurðeildar viti hvar þið dveljið meðan á aðgerð stendur, svo hægt sé að ná í ykkur þegar henni er lokið.

Hringt er frá gjörgæslu þegar barnið er búíð í aðgerðinni og verður ykkur þá fylgt þangað. Líðið getur um klukkustund þangað til ykkur er leyft að vera hjá barninu. Það vegna þess að það tekur tíma að koma barninu fyrir á gjörgæslunni og tengja öll eftirlitstæki og dælur.

Gjörgæslan

Að aðgerð lokinni fer barnið á gjörgæsludeild og mun dvelja þar í einn til tvo sólarhringa. Á gjörgæslu er barnið undir stöðugu eftirliti meðan það jafnar sig eftir aðgerðina og foreldrar barnsins geta verið hjá því meðan það dvelur þar.

Á gjörgæsludeildinni er sérstakt herbergi sem ætlað er aðstandendum. Þar er þeim velkomið að setjast niður, hvíla sig og fá sér kaffisopa. Þið munuð hinsvegar hafa svefnaðstöðu í herbergi barnsins á barnaskurðdeild.

Eftirmeðferð á deild

Þegar barnið er útskrifað af gjörgæsludeild kemur hjúkrunarfræðingur frá barnaspítalanum og fylgir ykkur aftur yfir á deildina. Fyrsta sólarhringinn a.m.k. er barnið áfram tengt við tæki til að fylgjast með hjartslætti, öndun og súrefniþörf. Barnið er áfram með morfíndreyppi til verkjastillingar fyrstu sólarhringana eftir aðgerðina.

Að jafnaði er reynt að taka dreypið niður á þriðja eða fjórða degi eftir aðgerðina. Barnið fær einnig Parasetamól til verkjastillingar ásamt morfíndreypinu og eftir að dreypið er tekið niður.

Vökvajafnvægi

Mikilvægt er að fylgjast með vökvajafnvægi barnsins fyrstu dagana eftir aðgerð. Barnið er því vigtað daglega og nauðsynlegt er að skrá niður allan þann vökva sem það drekkur og mæla þvagútskilnað.

Á meðan barnið getur ekki drukkið þann vökva, sem það þarf á sólarhring, fær það vökva í æð. Barnið má borða og drekka að eigin vild.

Hreyfing og öndun

Mikilvægt er að barnið fari á fætur eins fljótt og hægt er eftir aðgerðina. Sjúkraþjálfari aðstoðar við það og kennir barninu einnigað gera öndunaræfingar til að koma í veg fyrir að slím safnist í lungunum.

Útskrift

Flest börn eru tilbúin til að útskrifast á 5. eða 6. degi eftir aðgerð. Eftirlit eftir aðgerð fer síðan fram á göngudeild oft á mánudegi eða þriðjudegi í vikunni eftir aðgerð. Þá eru saumar teknir úr drengötum, gerð hjartaómun og e.t.v. tekin röntgenmynd af lungum.

Umönnun barns eftir hjartaskurðaðgerð

- **Skurðsárið**

Þegar barnið útskrifast er venjulega þykkur plástur (duoderm) eða litlir plástrar (steri-stripp) yfir skurðsárinu. Þennan plástur á ekki að fjarlægja, fyrr en a.m.k. 3 vikum eftir aðgerð. Ekki er þörf á neinum frekari umbúðum yfir sárið. Í skurðsárinu eru saumar sem eyðast. Búast má við að skurðsárið sé rauðleitt og að hrúður sé yfir því. Einstaka sinnum kemur sýking skurðsárið. Einkenni um sýkt skurðsár eru roði og þroti og vessi úr sárinu og eins getur skurðsárið gliðnað í sundur. Þessi getur einnig fylgt hiti.

- **Verkir og óþægindi**

Flest börn finna til einhverra óþæginda eða verkja fyrstu 2 til 3 vikurnar eftir hjartaaðgerð. Ráðlegt er að gefa barninu reglulega parasetamol (í dropaformi, töflur eða stíla) við þessum verkjum í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing fyrstu vikurnar eftir aðgerð.

- **Lyf og lyfjagjafir**

Fyrir útskrift ræðir lækni eða hjúkrunarfræðingur við ykkur um skammtastærðir lyfja og leiðbeinir um hvernig best er að gefa lyfin.

- **Næring**

Fjölbreytt og næringarríkt fæði er einn liður í því að ná bata eftir aðgerðina.

- **Böðun**

Barnið á ekki að fara í bað fyrstu vikuna eftir aðgerð. Best er að þvo barninu með þvottastykki þangað til drensaumar eru teknir. Eftir að þeir hafa verið fjarlægðir má barnið fara í sturtu. Ekki er mælt með því að barnið fari ofan í baðker fyrr en eftir einn mánuð. Þerrið varlega yfir skurðsárið eftir baðið. Óhætt er að fara í sund 6 vikum eftir aðgerðina.

- **Hreyfing og leikir**

Bein í brjóstkassanum eru 4 til 6 vikur að að gróa. Gætið þess að barnið hvílist vel og fari vel með sig meðan það er að jafna sig eftir aðgerðina. Ef um ungabarn er að ræða þarf að forðast að taka það upp með því að lyfta undir hendur þess. Gætið þess vel að styðja við bakið og taka undir sitjandann þegar barnið er tekið upp. Eldri börn eiga að krossleggja hendur fyrst um sinn þegar þau setjast upp og þurfa að forðast hamagang og íþróttir í 4 til 6 vikur. Skóli og leikskóli eftir aðgerð er í samráði við lækni barnsins.

- **Hvenær áttu að hafa samband við lækni eða hjúkrunarfræðing?**

- Ef barnið er með hita yfir 38.0°C
- Ef barnið er slapt og/eða er með flensueinkenni.
- Ef grunur vaknar um sýkingu í skurðsári (samanber ofanskráð)
- Ef barnið andar óvenju hratt eða á í erfiðleikum með öndun
- Ef litarháttur barnsins er óeðlilegur
- Ef erfitt er að gefa barninu lyfin



ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
BARNASVIÐ
DESEMBER 2006 - 1. ÚTGÁFA

HÖFUNDUR OG ÁBYRGÐARMAÐUR:
BÁRA SIGURJÓNSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR MS.N.
SÉRFRÆÐINGUR Í HJÚKRUN LANGVEIKRA OG HJARTVEIKRA BARNA

YFIRLESTUR:
BJÖRK GÍSDÓTTIR HJÚKRUNARFRÆÐINGUR OG
HERBERT EIRÍKSSON SÉRFRÆÐINGUR Í HJARTALÆKNINGUM BARNA

HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV

LIÓSMYND: VIGFÚS BIRGISSON